

GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR skrifar um myndlist

Sýning Baltasars

Baltasar B. Samper er spánverji, menntaður í spönskum og frönskum listaskólum. Árið 1963 fluttist hann til Íslands og hefur búið hér óslitið síðan. Baltasar er ef til vill kunnastur fyrir myndskreytingar sínar, m.a. í Lesbók Morgunblaðsins og Vikuna, en s.l. 4 til 5 ár hefur hann næstum eingöngu fengist við að mála. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar, þetta er sú 6. í röðinni. Að þessu sinni sýnir Baltasar olíumálverk og teikningar. Aðaluppistaðan í sýningunni eru landslags- og mannamyndir.


Menn og hestar í landslagi

Þótt Baltasar sé spánverji eru viðfangsefni hans alíslensk. Stór hluti myndanna á sýningunni er af hestum í landslagi. Ef borið er saman við eldri myndir Baltasar er landslagið í þessum myndum orðið mjög stílfært, nánast abstrakt. Landslagsbakgrunnurinn er byggður upp af nokkuð frjálsum litaflötum, en jafnframt er oftast eitthvert laust mótað form, sem minnir okkur á umhverfið, t.d. fjall eða gjá. Myndflöturinn næst hinu lifandi formi hestanna er leystur upp með smáum lita drættum, að því er virðist til að túlka hreyfinguna og lífskraftinn í kringum dýrin. En þessir litadrættir eru of óskipulegir og handahófskenndir, þannig að formið sjálft, hestmyndin, líður fyrir ofhleðsluna umhverfis hana og drukknar í bakgrunninum. Dæmi um þetta má finna í myndinni Eirikur góði. Sama má segja um þrjár myndir um Djáknann á Myrká. Þar verður landslagið, sem er mjög stílfært og málað með abstrakt tækni, aðalatriðið á kostnað persónanna í myndinni og hið dramatiska augnablik, sem myndunum er ætlað að sýna, týnist, þrátt fyrir það að reynt sé að draga athyglina að persónunum með birtunotkuninni. Mér virðist hlutfallið milli hins stílfærða og abstrakta bakgrunns annars vegar og figúratífa hluta myndarinnar hins vegar þyrfti að vera í betra jafnvægi, og með því móti mætti ná fram hnitmiðaðri áhrifum.

Annað sem einkennir þessa sýningu Baltasars er hin mikla litagleði. En þegar betur er að gáð, er litavalið svipað og í fyrri verkum hans, en meðferð litanna er hins vegar nokkuð frábrugðin. Skilin milli þeirra eru mjög skörp og stundum eru þeir ósamstilltir og virðast vinna hver á móti öðrum, eins og í þremur nærmyndum af hljómlistarfólki, þar sem í einni myndinni má finna rautt, blátt og brúnt sem teflt er saman án þess að nokkur einn ákveðinn litur sé ráðandi.

Mannamyndir

Baltasar er eftirsóttur portrettmálari í Reykjavík um þessar mundir. Á sýningunni eru nokkrar myndir af konum þar sem fyrirmyndunum er stillt upp, ýmist í kunnuglegu og notalegu umhverfi heimilisins eða þá að notaður er meira abstrkat bakgrunnur. Þessar myndir eru vandvirknislega unnar og snotrar, en nokkuð hefðbundnar. Meiri tilþrif er að finna í mynd af Sigfúsi Daðasyni, sem ber heitið „Til ykkar sem genguð á undan mér þennan veg", og er ein besta mannamyndin á sýningunni ásamt mynd, sem heitir „Í návist höfðingja" og er af Magnúsi Á. Árnasyni. Í mynd Sigfúsar notar Baltasar hlutlausan, gráan abstraktbakgrunn í mildum tónum. Með þessum hlutlausa bakgrunni tekst að tengja vel saman vinrauðan stólinn og svarblá föt fyrirmyndarinnar, og jafnframt dregur hlutleysi gráa litarins á engan hátt athyglina frá fyrirmyndinni. Það sem þó ræður úrslitum í mynd Sigfúsar er að Baltasar hefur tekist að ná svip og hreyfingum fyrirmyndarinnar, og því verður myndin sannverðug.



„Til ykkar sem genguð á undan mér þennan veg".

Andlitsmynd af Thor Vilhjálmssyni máluðum af fingrum fram er nokkuð annars eðlis. Hún er eins og nafnið bendir til unnin í frjálslegum og hörðum stíl og minnir nokkuð á „hausana" hans Kjarvals. Mynd Thors er létt og skemmtileg og í fínlegum litum, en nokkuð skortir á að tekist hafi að túlka persónuleika og svipbrigðarikt andlit Thors á sannfærandi hátt.

Teikningar

Baltasar er lipur teiknari sem kann vel sitt fag. Hér sýnir hann andlitsteikningar af öllum ábúendum Grímsneshrepps, 40 að tölu, sem teiknaðar voru á árunum 1965-66. Teikningunum hefur verið komið fyrir í einu horni salarins með því að hólfa það af, en þeim er stillt upp á nokkuð tilbreytingarlausan hátt í beinni röð, stundum allt að 16 á sama vegg. Að mínu mati hefði verið réttara að notfæra sér möguleika skilrúmanna og hólfa salinn meira í sundur og sýna færri teikningar í samafleti til að fóðast tilbreytingarleysi. Ég sakna þess líka að Baltasar skyldi ekki velja fjölbreytilegri teikningar á sýninguna.

Í heild má segja að viðfangsefni listamannsins á þessari sýningu séu nokkuð einhæf, og þrátt fyrir mikla litagleði og fjöruga pensildrætti finnst mér skorta nokkuð festu og öryggi í heildarbyggingu margra mynda, þó að þetta eigi alls ekki við um þær allar.

Að lokum vil ég hvetja fólk, sem kemur á Kjarvalsstaði, að láta ekki hjá líða að skoða hina gullfallegu Kjarvalssýningu sem nýlega hefur verið sett upp í austursal hússins. Á sýningunni eru margar frábærar myndir eftir meistarann, sem eru í einkaeign og ekki hafa verið sýndar opinberlega áður. Síðar verður fjallað um þá sýningu hér í blaðinu.

Guðbjörg Kristjánsdóttir

sjónvarp


Húsið hennar Lovísu

eftir LEIF PANDURO

Annað kvöld, kl. 21.05 sýnir sjónvarpið danskt sjónvarpsleikrit eftir Leif Panduro, **Húsið hennar Lovísu**, og er ástæða til að hvetja sjónvarpsáhorfendur að láta þessa mynd ekki framhjá sér fara. Leif Panduro er nýlega látinn, en óhætt er að segja að fáir norrænir höfundar hafi átt almennari hylli að fagna en hann, með meinlegri fyndni sinni og innsæi í lífnaðarháttu hins samnorræna smáborgara.

Leikstjóri myndarinnar er Palle Kjærulff-Schmidt, og í aðalhlutverkum eru Ghita Nörby, Preben Neergaard, Poul Bundsgaard og Louis Miehe-Renard.

Lovisa er gift kona og á uppkomin börn. Í upphafi leiksins kemur hún heim frá útlöndum, en þar hefur hún dvalist lengi á heilsuhæli. Læknarnir hafa sagt henni að hún sé nú orðin heil heilsu, en hún efast um að svo sé. Þýðandi er Jóhanna **Jóhannsdóttir**.



Leif Panduro



Úr kvikmyndinni „Húsið hennar Lovísu," sem er á dagskrá sjónvarps, kl. 21,05 annað kvöld.

